

JÓN SAMSONARSON

## SORGARLJÓÐ OG GLEÐIKVÆÐI PRESTSINS Á ÁRSKÓGSSTRÖND

UM miðja 17. öld var sr. Jón Einarsson prestur í Stærta-Árskógi á Árskógsströnd við Eyjafjörð. Hann er sagður bóndasonur frá Mói í Fljótum í Skagafirði, og er þó óljóst um heimild eða hvort hún er önnur en sögusögn eða jafnvel tilgáta frá tímum Hálfðanar Einarssonar. Hann er einnig sagður afkomandi sr. Jóns Matthíassonar á Breiðabólstað í Vesturhópi og Jóns Magnússonar á Svalbarði, en um það eru engu traustari heimildir, og verður ættin ekki rakin eftir þeim gögnum sem fram hafa komið til þessa. Um foreldra er það eitt kunnugt, að faðirinn hefur heitið Einar. Páll Eggert Ólason getur þess til að sr. Jón sé fæddur laust eftir 1600. (*Saga Íslendinga V*, bls. 338.)

Sr. Jón Einarsson í Stærta-Árskógi er kunnur fyrir kvæði sín og sálma, og er það þó hvorki mikið að vöxtum né fjarska fjölbreytt sem honum verður eignað. Þekktastar eru Kolbeinseyjarvísur um siglingu Hvanndalabræðra út í Kolbeinsey. Þær voru prentaðar í *Blöndu I*, 1918–20, bls. 149–62, í útgáfu Jóns Þorkelssonar. Hér á eftir verða birt tvö önnur kvæði eftir sr. Jón, en fyrst verður vikið að ævi hans.

Samtímaheimilda um æviferil sr. Jóns í Stærta-Árskógi er helst að leita í embættisbókum biskupanna Þorláks Skúlasonar og Gísla Þorlákssonar. Þær hrökkva þó skammt og eru enda skörðóttar, einkum framan af prestsævi sr. Jóns. Úr þessu hafa menn viljað bæta og fyllt í með frásögnum sem voru skráðar um sr. Jón á síðari hluta 18. aldar, liðlega hundrað árum eftir dauða hans. Hér verður reynt að greina á milli mismunandi heimilda um ævi sr. Jóns og þær birtar sem ástæða þykir til og ekki hafa áður verið prentaðar. Eitthvað verður þó vafalaust eftir sem fengur væri í, en ekki er vitað um að svo stöddu, og bætist það þá við síðar.

Í *Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar* koma tveir prestar við sögu, sem báðir hétu Jón Einarsson, annar á Tjörn í Svarfaðardal, en hinn sr. Jón í Stærta-Árskógi, og eru þeir af vangá felldir saman í registri í

útgáfu bókarinnar (*Heimildaútgáfa Þjóðskjalasafns* I, 1979). Sr. Jón á Tjörn á þar bréf frá biskupi sem er prentað á bls. 14–17, frá árinu 1629, og til hans er vafalaust einnig bréf á bls. 38–39 um kirkjugarðsleg konu sem sér hafði orðið að skaða í sókninni. Það er í útgáfunni tímasett 1630 eða 1631. Í Skarðsáránnál árið 1631 er sagt frá konu í Svarfaðardal sem missti mann sinn og skar sig á hálsinn til bana (*Annálar 1400–1800*, I, bls. 234; sbr. einnig I, bls. 327), og er þar væntanlega um að ræða sama atburð. Þess má geta að Þorlákur Markússon í Gröf á Höfðaströnd (um 1692–1736) hefur þekkt bréfið í bréfabók biskups og lætur hann atburðinn gerast í Stærra-Árskógssókn (*Annálar 1400–1800*, IV, bls. 257), en það mun aðeins vera ályktun Þorláks, sem hefur ekki vitað annað en sr. Jón Einarsson væri þá orðinn prestur í Stærra-Árskógi og bréfið væri til hans. Sr. Jón Einarsson er nefndur í dóm á prestastefnu að Hrafnagili 18. apríl 1631 (*Bréfabók Þorláks*, bls. 92–94), og er ekki ljóst hvor þeirra nafna það er, en talið er að sr. Jón á Tjörn hafi látist á þessu ári eða ekki miklu síðar. (Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* III, bls. 94.) Verður að ætla að það sé sr. Jón Einarsson í Stærra-Árskógi sem nefndur er í bréfabók Þorláks eftir þetta. Hann er á prestastefnu á Laugalandi 22. maí 1637 (bls. 86 og 88), á Hrafnagili 30. ágúst 1641 (bls. 106), á Laugalandi 27. sept. 1644 (bls. 127), í Glæsibæ 4. sept. 1645 (bls. 132) og á Laugalandi 7. júní 1650 (bls. 173). Í byggingarbréfi fyrir Urðum í Svarfaðardal, sem Þorlákur biskup gefur Jóni Illugasyni 20. maí 1654, biður biskup sr. Jón Einarsson í Staðarárskógi í umboði sínu að taka út jörðina og kúgildin í fardögum, skrifa allt upp greinilega og afhenda Jóni Illugasyni, bæði staðinn og svo líka kirkjuna með sínum ornamentum. (*Bréfabók*, bls. 253.) Þá voru teknir vitnisburðir um ítak og beit Vallakirkju á Sökkubökkum á árunum 1648–49, og er sr. Jón meðal votta, og einnig skrifar hann undir skoðunargerð 10. júní 1650. (Kirknaskjöl. Vaðlaþing. *K XXV* í Þjóðskjalasafni.) Árið 1649 skrifar sr. Jón undir skjal um hyllingu við Friðrik konung þriðja með öðrum prestum í Eyjafjarðarsýslu. (*Skjöl um hylling Íslendinga 1649 við Friðrik konung þriðja*, 1914, bls. 69.)

Þorlákur biskup Skúlason lést snemma á ári 1656, og var Gísli sonur hans kosinn til biskups á prestastefnu á Flugumýri 21. apríl 1656. Hann vígðist 10. maí 1657 og var biskup til æviloka 1684. Í prestastefnubók Gísla biskups (*Bps. B IV. 1*; væntanleg í *Heimildaútgáfu Þjóðskjalasafns* II) er sr. Jóns Einarssonar getið á prestastefnu á Hrafnagili 7. maí 1658 (bls. 7–11), á Grýtubakka í Höfðahverfi 13. maí 1659 (bls. 13–16), á

Laugalandi 13. maí 1662 (bls. 32–33) og á Laugalandi 6.–7. apríl 1668 (bls. 61–70). Á Laugalandi 1662 kærði sr. Jón fyrir biskupi að hann fengi ekkert til fæðis og forsorgunar af Hríseyjarkirkju, og er það lagt af biskupi og prestum til álits og leiðréttingar höfuðsmannsins eða hans fullmegtugs, með því að Hríseyjarkirkjuförð sé klaustursins Munkaþverár eign, eftir því sem haldið sé. Þetta mál vaktist upp aftur síðar. 2. ágúst 1663 vísiteraði biskup í Stærra-Árskógi, og var kirkjan væn og stæðileg, með predikunarstól sem presturinn hafði látið gjöra. Af bókum átti hún biblíu gamla, og var hún trosnuð að bandi; einnig ‘postillu Johannis Spanginbergi’, gamla og slitna, og ‘locos communes Wolgangi Musculi’, líka slitna að bandi. Ekki er ótrúlegt að tvær síðastöldu bækurnar hafi verið einhverjar útgáfur af: ‘Postilla Deudsch, verfasst durch I. Spangenberg. Durch H. Gülfferischen: Franckfurdt, 1548. 8°’ (*Short-title Catalogue of books printed in the German-speaking countries and German books printed in other countries from 1455 to 1600 now in the British Museum*, 1962, bls. 118; sbr. einnig *Allgemeine Deutsche Biographie* 35, 1893, bls. 45) og ‘Locī communes in usus theologiæ candidatorum parati. Ex officina Heruagiana: Basileæ, 1560. fol.’ (*Short-title Catalogue*, bls. 639; sbr. einnig *Allg. Deut. Biogr.* 23, 1886, bls. 97). Biskup tekur að sér að láta stækka og umsmíða kaleik handa kirkjunni, og er síðar skrifað í athugasemd við vísitásiuna að kaleikurinn sé nú umsmíðaður með sinni patínu ‘og með Teite Hallsine hiedann sendur til stærra Aarskógs s<sup>ra</sup> Jone Einarssine til handa Anno 1665. þann 4. Septembris’. (*Bps. B III.6*, bls. 56–57.)

Árið 1669 tók sr. Jón aðstoðarprest. Afrit af köllunarbréfinu er í bréfabók Gísla biskups Þorlákssonar, undirritað í Stærra-Árskógi af Þorsteini Illugasyni héraðsprófasti og Jóni Einarssyni, dominica invocavit (28. febr.) 1669. (*Bps. B V. 3*, bls. 84–85; væntanleg í *Heimildauútgáfu Þjóðskjalasafns* II.) Í bréfinu er sú ástæða færð til að sr. Jón Einarsson þykist vanmáttugur að þéna Stærra-Árskógssókn og hafi hann góðviljuglega og lostuglega gefið upp sitt beneficium við þann fráma og vellærða heiðurssvein, Jón Guðmundsson. Þá er gert ráð fyrir því að Jón Guðmundsson setjist að í Stærra-Árskógi í fardögum, en séra Jón Einarsson áskildi sér að njóta sjálfur staðarins sem fyrri, ef Jón Guðmundsson burtkallaðist að sér lifandi. Gísli biskup Þorláksson vígði Jón Guðmundsson 16. maí 1669, fimmta sunnudag eftir páska. Víglubrésið er í bréfabók biskups (bls. 85), dagsett á Hólum 18. maí 1669. Daginn eftir vígslu, 17. maí 1669, undirritaði Jón Guðmundsson

samþykki, þar sem hann lofaði í viðurvist biskups að halda alla skilmála við sr. Jón Einarsson, sem í þeirra gjörningi væru innfærðir, og láta sér nægja til upphalds það sem sr. Jón hefði lofað honum munnlega og skriflega, og skyldi hann ekki framvegis veita biskupi ómak, ávitur eða ákærur um þetta. Samþykki Jóns er fært inn í bréfabókina næst á undan vígslubréfinu.

Í bréfabók biskups (bls. 131) er seðill viðvíkjandi Hríseyjarkirkju, útgefinn á Hólum 1671, 26. sept., þar sem sr. Jón Guðmundsson á Stærta-Árskógi lýsir fyrir biskupi að hann embætti tólf sinnum á ári eða tíu sinnum í Hrísey og hafi ekki laun fyrir, en biskup leyfir að hann embætti þar einungis þrisvar á ári. Sr. Jóns Einarssonar er ekki getið og er óvíst um hagi hans á þessum árum. En 1673 bregður hann á nýtt ráð og gerist kirkjuprestur á Hólum í Hjaltadal.

Embætti dómkirkjuprests á Hólum varð laust 1673 við fráfall sr. Sigfúsar Egilssonar frá Tjörn í Svarfaðardal (*Ísl. æviskrár* IV, bls. 190) og tók sr. Jón Einarsson við. Í vitnisburði Gísla biskups sem hann gaf sr. Jóni 11. júní 1674 og innfærður er í bréfabókina (bls. 178–79) stendur að sr. Jón hafi eftir ósk og beiðni biskups þenað dómkirkjunni á Hólum síðan fyrir páska 1673 og til hvítasunnu 1674. Páskadag 1673 bar upp 30. mars, en hvítasunna 1674 var 7. júní. Segist biskup fyrst hafa óskað af prestinum sr. Jóni að hann vildi þena kirkjunni á Hólum nokkra sunnudaga, þar til annar hentugur kirkjuprestur fengist; en þegar á leið sumarið hafi sr. Jón beðið sig að hann mætti vera þar næsta vetur, sem hann samþykkti. En nú þykir biskupi ekki annað réttara en sr. Jón víki þaðan að svo stöddu, með því hann sé sjálfur búfastur maður fyrir norðan og þar sé ektakvinna hans á búinu, auk þess sem hann hafi nokkrar tekjur (reditus) í þeim sveitum til viðurværis. Segir biskup það sé máltæki að ekki sé gott að skilja hold frá beini, og lýtur það að sjálfsögðu að aðskilnaði þeirra hjóna. En svo að hann verði ekki fundinn í þessari sök kveðst biskup ekki vilja hindra sr. Jón frá sínu húsi og heimili, kvinnu og hjúum. Ekki kemur skýrt fram af vitnisburðinum að sr. Jón hafi óskað breytinga á högum sínum, þegar hér var komið, og kynni þar fremur að hafa ráðið vilji biskups. Að lokum fær sr. Jón loflegan vitnisburð og óskar biskup honum allra heilla. Í bréfabókinni (bls. 176) er seðill um prestkaup sr. Jóns, dagsettur 12. apríl 1674, og felur biskupinn Jóni Illugasyni umboðsmanni sínum í Svarfaðardal að gjalda sr. Jóni Einarssyni fyrir kirkjuþjónustu á Hólum og annað það sem tilgreint er á seðlinum. Þar á meðal eru

84 álnir sem sr. Jón hafi resterað síðan 1667. Einnig sex ær með lömbum, ef gjaldast, og er ekki tekið fram fyrir hvað þær voru greiddar. 29. apríl 1674 var sr. Jón Einarsson á prestastefnu á Flugumýri í Skagafirði. (*Prestastefnubókin*, bls. 111–13.) Önnur prestastefna var á Flugumýri 17. júní 1674, þar sem sr. Jón er ekki nefndur, og hefur hann þá sennilega verið riðinn norður. Á þeirri leið er talið að sr. Jón hafi drukknað, og eru um það sagnir síðari manna sem nú verða raktar.

Sr. Jón Jónsson prestur á Kvíabekk (1739–85) var meðal heimildarmanna Hálfðanar Einarssonar skólameistara, þegar hann tók að safna efni um presta sem þjónað höfðu á Norðurlandi. Ritgerð sr. Jóns er undirrituð að Kvíabekk 10. mars 1777, svar við bréfi Hálfðanar frá 3. mars. Hún er varðveitt í *Lbs. 1266 4to*. Í upphafi kaflans um Stærra-Árskógspresta er sagt frá sr. Jóni Einarssyni á þessa leið:

Sr Jon Einarss(on).<sup>1</sup> Hann var gödmenne, skáld miked og forspár, hann kvadst á við Þorvalld Røgnvalldss(on) á Saudanese umm það prestur hieilt med Skagafirde, enn hinn med Arskógsstrónd, þar finnst þesse vijsa efter prest:

Á Skagafirde er einginn Js,  
allt fer þar med snille,  
enn Arskógsstrandarflöenn frýs  
fróns jadranna mille.

Þorv(alldur) svarade:

Fyrst þar ecki friösa mä,  
sem frá þú giörer ad seigia,  
hvört er það af hita þä  
sem hrossenn nidur deya?<sup>2</sup>

Þorv(alldur) kvad og þetta:

So mátt hæla sem ad villt  
sveit þú vestur þinni,  
enn þó mæla er mier skilldt  
firer Árskógsströndu minne.

<sup>1</sup> + vard pr. eptir 1637 bætt við síðar yfir línu.

<sup>2</sup> Vísan hefur komist í söfn Stefáns Ólafssonar og er prentuð í *Kvæðum II*, 1886, bls. 137. Handritin sem vísað er til eru skyld. (Sbr. *Sjöúu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni 20. júlí 1977*, 1977, bls. 447–48.)

Hier af siest ad S<sup>r</sup> Jon hefur vered úr Skagafirde. Ecki villde hann reina til þrautar kvedlingenn vid Þorv(alld) og því s(agde) hann:

Vid skulum sätter utann ef,  
 ecki deila meira,  
 láttu mig helldur Rýmur af Ref  
 ritadar fá ad heyra.

S<sup>r</sup> Jon átte konur 3, hiet hin firsta Ingebiörg, hún var fógur yfer-sýndar og vel ad sier giór umm hvervetna, þau voru samann 30 ár: Þora 1dóttir Jons ä Selä Ingimundarsonar (*frá 1 skr. milli lína*) hiet onnur, hana miste S<sup>r</sup> Jon þegar (< fyr enn) þau hófdu 4 mánuðe saman vered, það bar so vid ad hún for á skipe Jnn i kaupstad og drucknade firer framan Oddeyre, s(eigia) sumer ad stórfiskur hafe grandad skipenu, enn pr(estur) reid á lande og horfde á. Þridia kona S<sup>r</sup> Jons hiet Þuridur. Hann orte umm allar þær kvæde það er hefur þetta vidlag Gud kann ad græða mýn gjörvöll sár: Þad var eitt sinn ad Þuridur þesse liek á tafl vid Nicolaus nockurn sem kalladur var Valltinnkollur firer það hann hafde lausann hofud-burd, pr(estur) kom ad og kvad v(isu) þessa:

Kafsveittur eg klóra ä blad;  
 kollvotur þä ordinn er,  
 veit eg eckj ver enn það  
 hann Valltinnkollur sefur hiá þier.

Þau urdu æfelok S<sup>r</sup> Jons ad hann reid vestur og kom aptur Heliardalsheide, enn sem hann nálægdest Skallá, sló i ána hvin miklum næsta hastarlega, þá s(agde) pr(estur): Láttu vel þú fær mig senn, og drucknade so strax þar efter i äne; enn Nicolaus Valtinnk(ollur) átte sýdann Þuride er af þeim komenn Nicolaus, sem sumer nefndu galldra Läsa, alkunnur i Svarfadardal.

Þessa frásögn sr. Jóns á Kvíabekk hefur Hálfðan Einarsson tekið upp stytta og með lítið eitt breyttu orðalagi í riti sínu um norðlenska presta, *Presbyterologia*, bls. 170. Í staðinn fyrir Árskógsströnd í upphafi frásagnar setur Hálfðan *Upsaströnd*, og jafnframt fellir hann niður vísurnar sem sr. Jón eignar þeim Þorvaldi Rögnvaldssyni og sr. Jóni í Stærta-Árskógi. Valtinkollsvísuna skrifar Hálfðan í fyrstu óbreytta, en síðar hefur hann dregið strik í orðið á í 1. vo., og einnig hefur hann

skrifað í 4. vo. ef uppi yfir *hann*, þó án þess að strika upphaflega orðið út. Í 3. vo. skrifar Hálfðan *verra*.

Þessu næst tekur Hálfðan upp frásögn um sr. Jón Einarsson, sem hann hefur eftir Jóni Sigurðssyni á Böggvisstöðum, síðar á Urðum (1736–1821. Stefán Aðalsteinsson, *Svarfdælingar* II, 1978, bls. 73–75). Hún er í uppskrift Hálfðanar á þessa leið (*Presbyterologia*, bls. 170):

(Sec(undum) Rel(ationem) Jons a Boggust. “S Jon viek fra Glæsebæ þegar sa stadur brann, hvern hann treistest ei ad uppbyggja 1636. var honum veittr Arskogur 1637. og fellu honum burad misjafnt, var annars godur gafumadur utan og innan kirkiu, skald gott, dockur a hár og skegg og ei alits mikell, þo godrar natturu, komenn af S Jone Mathias(syne) og Jone M(agnus)S(yne) a Svalb(ardi). Kolfinna het hans firsta kona, biuggu saman 30. är attu ei born. Annad sinn gifte hann sig Þoru, dottr Jons Ingimundarsonar Stullasonar a Selá, þokte preste vænt um hana, enn hun unde sier lytt, for prestr i kærpstad um sumarid og kona hans, hann for a lande, hun for sioleidis med fodur synum. Þa þær komu undan Krossanese kom ad þeim storfiskur, fludu þær undan, steitte skiped a grynningum, þar do kona prestz fader hennar og 1 madur. S. Jon var þa staddur a Glæsebæarhlade og horfde ä. Um þetta tilfelle orte hann kvæde. Þridia kona hans het Þuridr Sveinsd(otter) fra Grund i Svarfardal, eckert barn atte hann vid henne, tok nu S Jon ad hnyga a efra aldur og ohægiast um bú, vilde þa S Jon Gudm(unds)s(on) verda þar Capell(an) og feck af S J(one) E(inars)S(yne) ad gefa upp staden og hafa halfa Jnntekt medan lifde. Viek þa S J(on) E(inars)-S(on) framm ad Grund i Þorvaldsdal og bio þar, enn þegar hann var þangad kominn hellt S J(on) G(udmunds)S(on) ecke loford sitt, hvar um S J(on) E(inars)S(on) orte qvæde med þessu Vidlage: Samt ertu i gedenu grár med gullvæg ord þin. Þa hann hafde bued a Grund i 5 ar ferdadest hann vestr ad Holum, og vilde koma sier þar fyrer, komst ecke vestr yfer heidena, for a stad og drucknade i Skalla, var haldin forspar og vel ryndur. Þuridr atte Nicol(aus) valtink(oll). Hefr qveded Ps(alma) af Catechismo.”)

Á blöðum frá Jóni Sigurðssyni á Böggvisstöðum í safni Hálfðanar Einarssonar í *Lbs. 1266 4to* (sbr. *Blöndu* I, bls. 163–64) er minnst á uppruna sr. Jóns, og telur Jón Sigurðsson líklegt að hann sé frá Mói í Fljótum, en er sýnilega ekki viss:

Sr Jon Einarsson i Stærtaárskogie mun hafa vered sonur Einars sem bið á Mooi i Fliótumm.

Jón nefnir hér einnig Þuríði, þriðju konu sr. Jóns, sem var að sögn hans sonardóttir sr. Egils Ólafssonar á Tjörn í Svarfaðardal; hefur hún eftir því að dæma verið bróðurdóttir sr. Sigfúsar Egilssonar, sem var forveri sr. Jóns á Hólum:

Sveirn hiet og sonur Sr Eigels hann bið a Grund hier hans dotter var Þuridur seinasta kona Sr Jons Einarssonar i Stærtaarskogie.

Í *Manntali á Íslandi árið 1703* (1924–47, bls. 319) er Nikulás Þorbjörnsson á Ytrahvarfi í Svarfaðardal, 51 árs, og Þuríður Sveinsdóttir kona hans, 52 ára, og er talið að þau séu Þuríður, þriðja kona sr. Jóns Einarssonar, og Nikulás, sem nefndur er í vísunni Valtinkollur. Hann var um skeið hreppstjóri í Svarfaðardal. (*Svarfælingar* I, 1976, bls. 183.) Elsti sonur Nikulásar og Þuríðar á Ytrahvarfi hét Jón, 26 ára í Manntali 1703, og er hann væntanlega nefndur eftir sr. Jóni, fyrri manni Þuríðar. Jón hefur verið fæddur um 1677, eftir því sem ráða má af aldri í manntali. Bruninn í Glæsibæ varð 1636, og hefur Jón Sigurðsson ártalið sennilega úr annálum. Björn Jónsson segir í Skarðsárannál að staðurinn Glæsibær í Kræklingahlíð hafi brunnið þetta ár og þar inni 50 fjár; menn skaðaði ekki, en litlu af húsum varð bjargað. (*Annálar 1400–1800* I, bls. 247; sbr. I, bls. 329; IV, bls. 268nm.) Sr. Guðmundur Erlendsson fór frá Glæsibæ 1631 (Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, 1926, bls. 757), og hefur sr. Jón líklega orðið prestur eftir hann, ef rétt er hermt.

Sr. Magnús Pétursson á Höskuldsstöðum (1710–84) skrifaði um presta fyrir norðan fyrir Hálfðan Einarsson og er ritgerðin í *Lbs. 1266 4to* (sbr. *Annálar 1400–1800* IV, bls. 469). Í kafla um presta í Stærta-Árskógi segir á þessa leið:

Sr Jon Einarss(on) skállid, þrýgiftur (segir folk) Ein hans kona drucknade af skipe ä Akureyrarferd, meinast þo eckert af honum komid. Hann hefur giórt Psalma ut af Catechismo, þryckta i tijd biskups Gisla, ad eg meina. Hann drucknade i Skallä ä heimferd frá Hoolum.

Í safni Hálfðanar í *Lbs. 1266 4to* er ennfremur greinarkorn um presta á Tjörn í Svarfaðardal. Sr. Magnús Einarsson á Tjörn (1734–94)

er nefndur síðastur og skýrt frá embættisverkum hans á Tjörn, og er hann trúlega höfundur. Um sr. Egil Ólafsson segir einungis:

2 S<sup>r</sup> Eigill Ólafsson, hanns son Meinast Sveinn fader Þurrýdar þridiu konu S<sup>ra</sup> Jons Einarssonar i Stærtaarskóge.

Við þessar frásagnir hafa síðari æviskrárritarar og sagnamenn stuðst. Jón Espólín (1769–1836) minnst á sr. Jón Einarsson í *Íslands Árbókum* (VII. Deild, 1828, bls. 13–14; VIII. Deild, 1829, bls. 127), og má rekja efnið til frásagna sr. Jóns Jónssonar á Kvíabekk og Jóns Sigurðssonar á Böggvisstöðum, en *Presbyterologia* Hálfðanar Einarssonar skólameistara er að því er virðist milliliður. Þó er það umfram hjá Jóni Espólín að sr. Jón hafi sagt fyrir drukkun sína í Skallá og ort um kvæði með viðlaginu: Hafi skömm fyrir skiptin öll hún Skallá.

Gísli Konráðsson (1787–1877) getur einnig sr. Jóns Einarssonar í ritum sínum. Í *Þætti frá Jóni á Hellu, Jóni í Skógum og Jóni Eggertsyni* er kafli sem Gísli kallar Frá Jóni presti í Árskógi og getið ætta, og er þar m. a. nefnd Ingveldur, föðurmóðir Jóns Steingrímssonar, sem kallaður var Skagalín, og er hún sögð systir sr. Jóns. (*JS 301 4to*, bls. 33–34. Sbr. *Svarfdælingar* II, bls. 422–23. *Ísl. æviskrár* III, bls. 279.) Í *Þætti af Þorvaldi Rögnvaldssyni skáldi á Sauðanesi* hefur Gísli kafla um skipti sr. Jóns og Þorvaldar (*Syrpa úr handritum Gísla Konráðssonar* II, 1980, bls. 97–99), og er m. a. höfð hliðsjón af Árbókum Espólíns, en efnið er að miklu leyti samkynja frásögn sr. Jóns Jónssonar á Kvíabekk. Þó eru frávik, vísuna Svo mátt hæla sem að vilt vantar, en þrjár vísur aðrar eru hér eignaðar sr. Jóni og Þorvaldi, sem ekki eru í frásögn sr. Jóns á Kvíabekk. Þær eru á þessa leið í handriti Gísla, *JS 301 4to*, bls. 68–69:

Þá kvað prestur enn:

Standa á þambi lítil lömb  
í lóngum fyrði Skaga,  
en ærnar hafa ónga vömb  
í Árskogsstrandarhaga.

Þorvaldr kvað aptur:

Lítið prestr lof þær fær  
ljóða raup af fjánum;  
ef krokna lömb og kvolazt ær,  
svo komast ekki af hnjánum.

Prestur kvað þá enn:

Þar um vitna þeigi fær  
þú sem lifir á sjánum;  
því geta þínar aldrei ær  
upp sig reýst af knjánum.

Í syrpu Gísla, *Lbs. 1293 4to*, bls. 221, er stutt grein um Þorvald Rögnvaldsson, sem Gísli hefur síðar stuðst við, þegar hann gerði þáttinn. Vísuna Svo mátt hæla sem að vilt vantar, en aðrar vísur eru hinar sömu sem hjá sr. Jóni á Kvíabekk og orðalag líkt um flest; þó er hér *Látrastrandarflóinn*, og minni frávik eru einnig. Í þættinum er orðalag með einni smávægilegri undantekningu fjær texta sr. Jóns. Viðbótarvísurnar þrjár eru ekki í greininni í *Lbs. 1293 4to*, bls. 221. Vísan Standa á þambi lítill lömb er í *Lbs. 1293 4to*, bls. 237, og hefur Gísli tekið hana óbreytta frá því sem þar er upp í þáttinn. Á undan hefur Gísli skrifað fyrri hluta vísunnar Á Skagafirði er enginn ís, og hefur hann 2. vo. þannig: 'aldreյ trú eg þar Sylli'. Gísli fer eins með í þættinum, en í *Lbs. 1293 4to*, bls. 221, hafði hann haft vísuorðið eins og er hjá sr. Jóni á Kvíabekk: 'allt fer þar med snilli'.

Í *Lbs. 1293 4to*, bls. 118–20, er einnig frásögn Gísla Konráðssonar af Jóni Guðmundssyni á Hellu á Árskógsströnd (*Syrpa úr handritum Gísla Konráðssonar I*, 1979, bls. 171–73), og segir Gísli frá dauða Jóns á Hellu og brögðum hans við sóknarprestinn, sr. Jón Einarsson í Stærra-Árskógi, sem þjónustaði nafna sinn, en Þorvaldur Rögnvaldsson skáld var til aðstoðar. Dauða Jóns Guðmundssonar á Hellu er getið í annálum 1667 (*Annálar 1400–1800 III*, bls. 146; *IV*, bls. 299), og er því réttur prestur hafður í sögunni. Að öðru leyti virðist sr. Jón lítt koma við sögur um samtímamenn hans fyrir norðan, sem þó gengu margar og mergjaðar.

Sálma hefur sr. Jón Einarsson ort, og má nefna fáeina sem honum eru eignaðir (með réttu eða röngu) og kunnugt er um, en ekki er þess kostur að sinna þeim frekar að þessu sinni eða gera að þeim mikla leit. Í *Examen catecheticum*, Hólum 1674, voru prentaðir eftir sr. Jón 'Fimm Psalmar yfer fimm Parta Catechismi'. Upphöf þeirra eru: Allsherjar drottinn oss svo tér; Eg trúi á allsvaldanda; Heilagi guð, vor hæsti faðir himnum á; Af skírum drottni skikkuð er; Vér byrjum söng við borðið Krists. Aftan við er 'Eirn Jdranar Psalmur', einnig ortur af sr. Jóni, og er upphaf hans: Guð faðir góður. Sr. Jón hefur lagt biskupi til sálmana veturinn sinn á Hólum 1673–74. Þeirra verður vart hér og hvar í handritum og hafa þeir verið skrifaðir upp eins og alsíða var að gera, þótt sálmar væru komnir á prent.

Sálmurinn Líknarfullur guð og góður er í gömlu handriti, *ÍB 284 8vo*, bls. 149–52, eignaður sr. Jóni Einarssyni. Hann er nefndur ‘Psalmur fagur’ í fyrirsögn, 31 er. 10. er. er á þessa leið (greinarmerki og stafsetning að nútímahætti):

Nú er mitt hjarta, hátt þó kveini,  
harðara hvörjum adamassteini,  
mýki það Jesú blessað blóð,  
so bráðni það ekki í vítisglóð.

Sálmurinn er víðar í handritum, stundum án þess nefndur sé höfundur.

Sköpunarminning (Allsvaldandi orðum stýri) er alllangt kvæði, og stendur í fyrirsögn í *JS 583 4to*, bl. 41v, kvæðabók úr Vigur, að hún sé ‘ordt og samanskrið af Sra Jóna Einarssýne, Jóna Gudmundssýne og Þorvalde Rógvaldssýne’. Fleiri handrit eru talin upp í *Mönnum og menntum* IV, bls. 770. (Þar er gert ráð fyrir því að einn af höfundunum sé sr. Jón Guðmundsson skáld í Stærra-Árskógi, aðstoðarprestur og eftirmaður sr. Jóns Einarssonar, en að vísu kemur ekki fram af fyrirsögn í *JS 583 4to* að hann sé prestur. Í ungu handriti, *JS 83 8vo*, eru skrifðar upp vísur úr kvæðinu, og er það þar eignað þessum sömu mönnum og stendur ‘Síra’ við nafn Jóns Guðmundssonar, en varla er það mikið að marka því að Þorvaldur Rögnvaldsson fær þarna einnig titilinn síra.) Um hlutdeild sr. Jóns Einarssonar er óljóst, og þess má geta að í *JS 136 8vo*, bl. 40v–48r, er allur fyrri hluti þessa kvæðis eignaður Þorvaldi Rögnvaldssyni, en inni í kvæði er sem eins konar millifyrirsögn: ‘Hier endar kvedling Þorvaldar R.S. Enn Jön Gudmundsson eykur þessum epterkomande Liodmælumm hier vid.’ (Bl. 45v.) Upphaf síðari hlutans er: Hann fyrir allra brotin bætti.

‘Nockrer Vijsnaflockar Dróttkvedner’ eru í *JS 136 8vo*, bl. 1r–22r, eignaðir sál. sr. Jóni Einarssyni ‘sem var í Stærra Arskogi’. Flokkarnir eru sjö að tölu. Upphöf og heiti: Heiður sé hæstum guði (*Lofdýrðardiktur*); Enn mun ég einu sinni (*Lausnarlykill*); Flokk einn frómum rekkum (*Heimshátur*); Löngum er eg ljóðstrengi (*Andlátsóður*); Heyri það himnar dýrir (*Dómsdagslúður*); Hugði ég blundi að bregða (*Árgali eilífs lífs*); Hljóði þér, höldar góðir (*Áhugi eilífs lífs*). Flokkarnir eru einnig í *Adv. MS 21.7.17*, bl. 36r–54r, og sjálfsagt víðar. Þá eru í *Adv. MS 21.7.17*, bl. 29r–36r, ‘Sið Stef edr Strengir tilheyrandi Sið daugum Vikunnar, hveria menn meina ordt hafi Sæl : Sra Jón Einarsson sem var í Stærra Arskógi’. Í *Lbs. 735 8vo*, bl. 1r–20v, sem er gamalt handrit þessara sálma, eru þeir kallaðir Sjö strengja saltari, en ekki er þar tekið fram hver orti. Sálmarnir eru víðar í handritum. Í *Lbs. 2070 8vo* og í *G-13.19* í Héraðsskjalasafni Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu eru þeir eignaðir *G. B. S.* (sjá handritaskrár), *Guðmundi B.s.* í *Lbs. 3668 8vo*. Upphöf og heiti eru: Almáttugur dýrðar drottinn (*Dýrðarglósá*); Enn mun eg verða öðru sinni (*Syndajátun*); Stilla vil eg strengi alla (*Bænargrátur*); Fram skal renna í fjórða sinni (*Sálarblómstur*); Hefjast enn af hjarta og munn (*Blessunarbrunnur*); Jesúm vil eg jafnan þrísá (*Harmahuggun*); Enn vil eg í sjöunda sinni (*Lofdiktur*).

Söngvísu, út af þeim andlegu fjöllum (25. sunnudag eftir trinitatis), er í *Lbs. 1245 8vo*, bls. 297–98, eignuð sr. Jóni Einarssyni. Lagboði er: Hvar mundi vera hjartað mitt. Eftirrit Páls Pálssonar stúdents er í *Lbs. 199 8vo*, bls. 442–43. Hún er á þessa leið (greinarmerki og stafsetning að nútímahætti):

Hvar skal eg finna hvíld og ró  
heiminum öllum í?  
Leiti eg hennar um lönd og sjó,  
loksins þreytist á því.  
Sker eru mörg, en skipborð mjó,  
skaðhættur fleiri en mý.  
Örvinglast skal eg ekki þó,  
eg sé hvar höfn er ný.

Full er veröld með fárleg sköll,  
fláttskap og allskyns vél.  
Undan þeim vil eg flýja á fjöll.  
Farnast lát, guð, mér vel.  
Við Sínaí eg sé mín spjöll,  
samt þar ei lengi dvel.  
Á Síonshæð er sælan öll  
og sjálfur Emanúel.

Heyrðu, drottinn, mitt hjartans kall,  
hendur breið mér á mót.  
Annars er búið eilíft fall,  
ef ei styður minn fót.  
Teym mig og leið á Taborsfjall,  
so taki eg nýja umbót,  
klár og laus við allt syndasvall  
og sálarmeinin ljót.

Sínaí skrugga skörp og löng  
skelfir og eykur pín,  
en eg mun heyra Síons söng,  
sálin þá fagnar mín.  
Vil [eg], guð, forðast verkin röng  
og vitja upp til þín,  
fluttur um Tabors friðargöng,  
frelsarinn, þar þú skín.

Töflur Moysis tvær með hryggð  
telja v[ort] syndafall.  
Uppreisn boðar fyrir utan styggð  
öllum Kristí guðspjall.  
Komið til mín, hann tér með tryggð.  
Treysti eg uppá það kall.  
Oss flyt, guð, héðan úr eymdarbyggð  
uppá þitt dýrðarfjall.

Amen

Kolbeinseyjarvísur sr. Jóns Einarssonar eru víða í handritum. Þær eru prentaðar í *Blöndu* I, bls. 149–62, eftir *JS 84 8vo*.

Rímur hafa ekki varðveist eftir sr. Jón svo að vitað sé. Þó er sagt að hann hafi byrjað á Rímum af Gunnari á Hlíðarenda og gert þrjár þær fyrstu, en síðan fengið Þorvald Rögnvaldsson til að ljúka þeim. Heimildin mun vera komin frá Páli lögmanni Vídalín (1667–1727). Sr. Þorsteinn Ketilsson á Hrafnagili (1688–1754) nefnir einnig rímur af Gunnari Hámundarsyni á Hlíðarenda, 18 að tölu, og eignar þær Þorvaldi Rögnvaldssyni (*Lbs. 1593b 4to*). Rímurnar eru nú ókunnar. (Finnur Sigmundsson, *Rímnatal* I, bls. 182–83; II, bls. 78.)

